

# Hjólreiðahjálmar

## við allra hæfi

Neytendasamtökin gerðu markaðskönnun á reiðhjólahjálmmum í apríl. Úrvalið er ágætt bæði á barna- og fullorðinshjálmmum og verðið er á bilinu 2.000 kr. til 5.600 kr. á barnahjálmmum og frá 3.400 kr. til 23.900 kr. á fullorðinshjálmmum. Það ættu því allir að geta fundið hjálm við sitt hæfi.

Á heimasíðu Sjóvá forvarnahúss má finna góðar leiðbeiningar um val og notkun á hjólalajálmmum og er gott að hafa þær í huga.

- Hjálmurinn skal vera CE merktur, þar á einnig framleiðsludagur að sjást.
- Líftími hjálma er um 5 ár; vegna tæringar í plasti eru eldri hjálmar ekki taldir fyllilega öruggir.
- Mælið ummál á höfði barnsins. Í hjálminum eru merkingar sem sýna lágmarks- og hámarksommál höfuðs þess sem ætlar að nota hjálminn. Veljið hjálm sem passar.
- Oftast nær fylgja svampar hjálmunum. Því er gott að fá hjálm sem er við efri

mörkin og nota svamp til að hjálmurinn sitji þétt við höfuðið.

- Hjálmurinn á að sitja beint ofan á höfði; ekki of aftarlega eða of framarlega. Aftara bandið á að koma aftan við eyrað og fremra bandið framan við eyrað og saman eiga þessi bönd að mynda V utan um eyrað. Lesið vel leiðbeiningarnar sem fylgja hjálminum.
- Hökubandið á að vera nokkuð vel strengt, ekki lausara en að fingur komist á milli. Spennan á að vera til hliðar, ekki á sjálfri hökunni.
- Límmiðar eða tússlitir geta skemmt eiginleika hjálmsins.
- Hjálmurinn er ekki leikfang. Barnið á að taka hann af sér þegar það er ekki

á reiðhjóli, línuskautum eða hlaupahjóli. Hann gæti skaðað barnið ef það fer að leika sér í leiktækjum þar sem hann getur krækst í.

- Verði hjálmurinn fyrir höggi hefur hann lokið hlutverki sínu og það ætti að henda honum.
- Hjálminn þarf að stilla reglulega, þar sem barnið vex. Einnig ef barnið notar lambhúshettu undir hann (ekki nota húfur).
- Sumir hjálmar hafa græna spennu. Hún er sérstök öryggisspenna og er á hjálmmum sem ætlaðir eru fyrir börn yngri en 6 ára. Hún á að losna ef barnið festir höfuðið einhvers staðar á milli.

Íslenskir hjólreiðamenn eru upp til hópa duglegir að nota hjálma, a.m.k. ef við berum okkur saman við Dani sem hjóla mikið en vilja helst sleppa þessum nauðsynlega öryggisbúnaði.



## Markaðskönnun á reiðhjólahljálum

Fyrir börn		
Vörumerki, tegundarheiti	Staðgreiðsluverð	Seljandi
Cytek P-16 AA	1,990	Intersport
Mattel Hot wheels	2,899	Hagkaup
Limar 123 Shark	2,990	Byko
Limar baby	2,990	Byko
Etto Ettino	2,990	Sportfitness
Limar 310 Youth	3,490	Intersport
Limar Jolly	3,490	Intersport
Polisport baby sluggy	3,495	Hjólaspjettur
Etto Mosquito	3,690	Sportfitness
Lazer SK 501	3,700	Markið
Lazer Max Deluxe	3,800	Markið
Widek R8-A (M)	3,900	Markið
Disney bangsimon	3,950	Hjólaspjettur
Limar 510	3,990	Byko
Bell Zoom	3,990	Hagkaup
Bell Zoom	3,990	Skiðþjónustan
Etto Psycho	3,990	Sportfitness
Kryptanies	3,990	Útilíf
Polisport	3,990	Skiðþjónustan
Bell Amigo kids	3,990	Skiðþjónustan
Trek Lil' dipper	3,998	Örninn
Trek Veppur Youth	3,998	Örninn
Ked Meggy	4,118	Hvellur
Limar Junior	4,290	Intersport
Ked Action Kid	4,369	Hvellur
Ked Freeride	4,475	Hvellur
Bell Cognito	4,450	Skiðþjónustan
Bell Cognito	4,490	Hagkaup
Limar 515 Youth	4,490	Intersport
Disney Bob the build	4,495	Hjólaspjettur
Polisport frog/baby	4,495	Hjólaspjettur
Ked Street Junior	4,645	Hvellur
Giro Flukry	4,990	Sportfitness
Bell Amigo kids	4,990	Útilíf
Hot Wheels	4,990	Útilíf
Ked Alien Jr.	5,615	Hvellur

Markaðskönnunin var gerð í lok apríl 2008.

Fyrir fulloröna		
Vörumerki, tegundarheiti	Staðgreiðsluverð	Seljandi
Sixsixone SK-501 N	3,400	Markið
Etto Storm	3,590	Sportfitness
Sixsixone SK 503	3,600	Markið
Limar 315 Sport action	3,690	Intersport
Bell arc	3,800	Hjólaspjettur
Ventura Freestyle	3,900	Borgarhjól
Ked Starlight	3,929	Hvellur
Limar 520 Red/Blue	3,990	Byko
Sixsix One	3,990	Hagkaup
Kryptanies	3,990	Útilíf
Polisport Genesis	3,990	Skiðþjónustan
Polisport Apocalypse	3,995	Hjólaspjettur
Polisport Blast	3,995	Hjólaspjettur
Trek Vapor	3,998	Örninn
Ked Action Kid	4,369	Hvellur
Ventur Freestyle	4,400	Borgarhjól
Etto Esperito	4,590	Sportfitness
Limar 575 Pink	4,690	Byko
Limar Matt black	4,790	Byko
Bell Aventi	4,790	Hagkaup
Bell Ukon	4,790	Hagkaup
Lazer X 3 M	4,900	Markið
Limar 520 carboy/silver	4,990	Byko
Bell Cognito FS	4,990	Útilíf
Bell UKON sport	4,990	Útilíf
Ked Alien L	5,822	Hvellur
Ked VS medium	5,990	Hvellur
Polisport Genesis	5,995	Hjólaspjettur
Trek Interval	6,345	Örninn
Bell Sequisia	6,490	Hagkaup
Bell Venture / Vela	6,490	Hagkaup
Ked City	6,719	Hvellur
Limar 801 Sport action	6,990	Byko
Giro Skyline	6,990	Sportfitness
Lazer 2x3 M/CE	7,500	Markið
Bell faction	7,990	Útilíf
Bell Vela Fusion sport	8,590	Útilíf
Ked Sreet L	8,612	Hvellur
Bell Triton fusion sport	9,590	Útilíf
Ked Spiri M	9,772	Hvellur
Lazer Magna	9,900	Markið
Giro Indicator	9,900	Sportfitness
Giro GXL	9,990	Sportfitness
Ked Race M	10,483	Hvellur
Bell Bellistie	14,990	Útilíf
Chrono 3	18,500	Markið
Lazer AQO 144046	23,900	Markið

Í vor fengu öll 7 ára börn gefins hjólahljálma.

